

Ingi Sigurðsson

## Áherzlupættir í fræðslurítum um garðrækt á Íslandi 1765–1900

### Inngangur

Í þessari grein er útgáfa fræðslurita um garðrækt á Íslandi skoðuð frá upphafi slíkrar útgáfu, 1765, til loka 19. aldar og kannað, hverjir áherzlupættirnir eru þar. Þessi útgáfa hlýtur að teljast hafa verulegt vægi í sögu garðræktar, svo og í sögu fræðslurita, sem ætluð voru almenningi. Í upphafi meginmáls greinarinnar er fjallað nokkuð um meginrætti í útgáfusögu fræðslurita um garðrækt á því tímabili, sem um er að ræða, í samhengi við sögulegt baksvið. Í þessu viðfangi er einnig vikið að því, hvaða útbreiðslu fræðsluritin náðu og hvaða áhrif þau höfðu. Athugað er, um ræktun hvaða garðjurta er mest fjallað. Tekið er til meðferðar, hvaða þættir eru einkum dregnir fram í leiðbeiningum. Sum fræðsluritin ná yfir víðara efnissvið en leiðbeiningar um garðrækt og hvatningu til að stunda hana, og sum fjalla um þröngt efnissvið, sem tengist garðrækt. Því eru gerð skil, hverjir eru áherzlupættir í þessum efnunum.

### Meginrættir í útgáfusögu fræðslurita um garðrækt á tímabilinu

Heimildir eru fyrir því, að Íslendingar stunduðu garðrækt í einhverjum mæli fyrr á öldum. Eftir því sem bezt er vitað, voru kartöflur fyrst ræktaðar á landinu seint á sjötta áratugi 18. aldar. Að þeirri ræktun stóðu þrír menn, hver í sínu lagi. Garðrækt fór vaxandi, þegar á heildina er lítið, næstu áratugin á þann veg, að kálrækt eflist og kartöflurækt breiddist út, en garðrækt dróst heldur saman í lok aldarinnar. Litlir aðflutningar á korni 1807–1814 vegna stríðsástands urðu til þess að efla bæði kál- og kartöflurækt. Það hefur haft áhrif á útbreiðslu kálræktar í samanburði við útbreiðslu kartöfluræktar, að sumt fólk var tregt að leggja sér kál til munns. Þannig segir Magnús Stephensen í *Eftirmælum átjándu aldar*, sem komu út 1806: „*Heimskan* bar fyrir, að ósvinna væri að eta gras eins og *qvikfénaðurinn*, og gáði þá hvørki að, hvørsu adrar heimsins þjódir þrifust dável af *kál-gresi* og *ødrum mat-jurtum* og reyndu sér hollt og gott fæði, né heldur, að Skaparinn útþryckilega hafði áqvardad manneskjum þessháttar fæðu.“<sup>1</sup> Eftirtektarvert er, að síðar á 19. öld komu nokkrir tímabundnir afturkippir í garðrækt á landinu. Hafði misjafnt árferði mikið að segja í því sambandi. Inn á milli

<sup>1</sup> Magnús Stephensen: *Eftirmæli Atjándu Aldar eptir Krists hínagdburd, frá Ey-konunni Íslandi*. Leirárgörðum 1806, s. 61.

afturkipps-skeiðanna eflidist garðræktin, og hún styrktist verulega á tveimur síðustu áratugum aldarinnar.<sup>2</sup> Þegar á heildina er litið, eflidist kartöflurækt á Íslandi ekkert í líkingu við það, sem gerðist í Noregi, þar sem aðstæður voru ekki alls kostar ólíkar.<sup>3</sup>

Fjöldi matjurtagarða á landinu á einstökum árum á því tímabili, sem tekið er til meðferðar, varpar ljósi á misjafnt gengi garðræktar. Árið 1791 voru taldir 698 matjurtagarðar á landinu, árið 1800 voru þeir 283, en 1817 voru þeir orðnir 3.466. Á næstu áratugum og fram yfir miðja öldina eflidist garðrækt nokkuð, en það var misjafnt eftir héruðum. Árið 1850 var fjöldi matjurtagarðanna 5.197, komst í 7.442 árið 1858 og var 4.443 árið 1880. Heildarflatarmál matjurtagarða 1858 var 154 hektarar (áætlað að hluta) og 95 hektarar árið 1880.<sup>4</sup> Samkvæmt þessu hefur meðalstærð garða á þessu skeiði verið rúmlega 200 fermetrar.

Fræðslurit af veraldlegu tagi á íslenzku (slík fræðslurit á dönsku, ætluð Íslendingum, voru ekki óþekkt) voru fyrst gefin út að marki á síðari helmingi 18. aldar. Hér eru nán tengsl við viðleitni danskra stjórnvalda og íslenzkra embættismanna til að efla atvinnuvegi landsmanna;<sup>5</sup> útgáfa fræðslurita var mikilvægur þáttur í henni. Landbúnaður var mjög þýðingarmikið svið að þessu leyti, og þar var útgáfa fræðslurita um garðrækt fyrirferðarmikil. Fyrsta útgáfa af því tagi var skýrsla Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal, *Korte beretninger*, um tilraunir hans á sviði landbúnaðar og þá einkum garðræktar, sem var gefin út sem fræðslurit 1765. Á árunum 1770–1780 stóðu konungssjóður og Hið konunglega danska landbúnaðarfélag (Det kongelige danske Landshusholdningsselskab), sem stofnað var 1769 og náði til alls dansk-norska ríkisins, að útgáfu fræðslurita, þ. á m. nokkurra um garðrækt, sem ætluð voru Íslendingum og útbýtt var ókeypis til stórs hóps landsmanna. Er raunar athyglisvert, hve mjög félagið kom við sögu garðræktar á Íslandi, sem og landbúnaðar yfirleitt, og það með ýmsum hætti, allt fram á 20. öld. Auk hlutdeildar í útgáfu og dreifingu fræðslurita er m.a. mikilvægt í þessu viðfangi, að félagið greiddi fyrir

<sup>2</sup> Ekki er til neitt yfirlitsrit um sögu garðræktar á Íslandi. Sjá m.a. um sögu garðræktar á því tímabili, sem hér er tekið til meðferðar: Jónas Jónsson: „Búnaðarfélag Suðuramtsins.“ *Búnaðarsamtök á Íslandi 150 ára. Afmælisrit Búnaðarfélags Íslands 1837–1987*. Ritstjórar: Hjörtur E. Þórarinnsson, Jónas Jónsson og Ólafur E. Stefánsson. 1. b. Rv. 1988, s. 56–58. – Jónas Jónsson: „Þegar tók að rofa til.“ *Búnaðarsamtök á Íslandi 150 ára. Afmælisrit Búnaðarfélags Íslands 1837–1987*. Ritstjórar: Hjörtur E. Þórarinnsson, Jónas Jónsson og Ólafur E. Stefánsson. 1. b. Rv. 1988, s. 10–12. – Lýður Björnsson: „18. öldin.“ *Saga Íslands*. Ritstjóri: Sigurður Líndal. 8. b. Rv. 2006, s. 183–184. – Þorvaldur Thoroddsen: *Lýsing Íslands*. 4. b. *Landbúnaður á Íslandi. Sögulegt yfirlit*. 2. b. Kh. 1922, s. 94–128.

<sup>3</sup> Sjá m.a. um kartöflurækt í Noregi á 19. öld: Tore Pryser: *Samlagets Norsk historie 800–2000*. 6. b. *Norsk historie 1814–1860. Frå standssamfunn mot klassesamfunn*. Oslo 1999, s. 100–103.

<sup>4</sup> Tölur, sem varða matjurtagarða, eru sóttar í: *Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland. Icelandic Historical Statistics*. Ritstjórar: Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon. Rv. 1997, s. 264.

<sup>5</sup> Sjá m.a. um viðleitni til að efla atvinnuvegi Íslendinga á 18. öld: Lýður Björnsson: „18. öldin.“ *Saga Íslands*. Ritstjóri: Sigurður Líndal. 8. b. Rv. 2006, s. 1–289.

því, að Íslendingar færu til Danmerkur til að kynna sér garðrækt, það veitti Íslendingum verðlaun fyrir góðan árangur á þessu sviði og sendi landsmönnum fræ garðjurta.<sup>6</sup>

Á fyrsta þriðjungi 19. aldar var töluvert gefið út af fræðsluritsmíðum um garðrækt. Má þar nefna *Ávísan til jarðeplaráæktanar, fyrir almúgamenn á Íslandi* eftir Hans Wilhelm Lever, danskan kaupmann á Akureyri, tvö rit eftir Bjarna Arngrímsson, prest á Melum í Melasveit í Borgarfjarðarsýslu, *Handhægt garðyrkjufraðikver* og *Um garðyrkjunnar nauðsyn og nytsemi fyrir Ísland* og skrif Baldvins Einarssonar í 2.–3. árgangi *Ármanns á Alþingi*. Nokkuð var gefið út af slíkum fræðsluritum á næstu áratugum, og á þremur síðustu áratugum aldarinnar efldist þessi útgáfa, – eins og reyndar útgáfa á landinu yfirleitt.<sup>7</sup> Er þetta eitt af þeim sviðum, þar sem áhrif upplýsingarinnar, hinnar fjölpjóðlegu hugmyndastefnu, voru mikil lengi eftir lok þess tímabils, sem ýmsir fræðimenn á sviði Íslandssögu hafa kallað upplýsingaröld og hafa talið ljúka um 1830. Til upplýsingarinnar má að hluta rekja mikla áherzlu á fræðslu með útgáfu rita, annarra en eiginlegra kennslubóka, sem ætluð voru almenningi, og þar sem margir álitu á þessum tíma, að skólalald í landinu hlyti að vera takmarkað, var útgáfa rita til að miðla fræðslu talin enn mikilvægari en ella.<sup>8</sup> Eru hér samsvaranir í útgáfu fræðslurita fyrir almenning í mörgum löndum. Eftir miðja 19. öld kom til sögu nýr birtingarvettvangur greina um garðrækt, þar sem voru blöð, er komu út vikulega eða hálfsmánaðarlega. Birtust þónokkrar stuttar fræðslugreinar um garðrækt í blöðum. Annars eru fræðsluritsmíðarnar um garðrækt í flestum tilvikum bækur (eða hlutar af bókum) og þá að mestu leyti lítil kver eða bæklingar eða þá tímaritsgreinar. Frá og með áttunda áratugi aldarinnar komu út þónokkur rit á þessu

<sup>6</sup> Sjá um sögu Hins konunglega danska landbúnaðarfélags: Claus Bjørn: „Landbrugets foreninger til 1914.“ *Det danske landbrugs historie*. Claus Bjørn (red.). 3. b. 1810–1914. Kbh. 1988, s. 351–354. – Lotte Dombernowsky: „Debatten og litteraturen om landboreformer.“ *Det danske landbrugs historie*. Claus Bjørn (red.). 2. b. 1536–1810. Kbh. 1988, s. 291–303. – Fjallað er um tengsl Íslendinga við félagið í: Jónas Jónsson: „Þegar tók að rofa til.“ *Búnaðarsamtök á Íslandi 150 ára. Afmælisrit Búnaðarfélags Íslands 1837–1987*. Ritstjórar: Hjörtur E. Þórarinnsson, Jónas Jónsson og Ólafur E. Stefánsson. 1. b. Rv. 1988, s. 19–28. – Þorkell Jóhannesson: *Búnaðarfélag Íslands. Aldarminning*. 1. b. *Búnaðarsamtök á Íslandi 1837–1937*. Rv. 1937, s. 60–82, 123–138.

<sup>7</sup> Fjallað er um útgáfu á tímabilinu 1830–1900 í: Loftur Guttormsson: „Framleiðsla og dreifing ritaðs máls.“ *Alþýðumening á Íslandi 1830–1930. Ritað mál, menntun og félagshreyfingar*. Ritstjórar: Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson. Rv. 2003. (Sagnfræðirannsóknir, 18), s. 37–65.

<sup>8</sup> Sjá m.a. um útgáfu fræðslurita fyrir íslenzkan almenning á því tímabili, sem tekið er til meðferðar í greininni: Ingi Sigurðsson: „The Publication of Educational Works for the People of Iceland and their Reception, c. 1770–1830.“ *Sjuttuhundratál* 2008, s. 99–124. – Ingi Sigurðsson: „Útbreiðsla og viðtökur alþýðlegra fræðslurita.“ *Alþýðumening á Íslandi 1830–1930. Ritað mál, menntun og félagshreyfingar*. Ritstjórar: Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson. Rv. 2003. (Sagnfræðirannsóknir, 18), s. 115–147. – M.a. er fjallað um langtímaáhrif upplýsingarinnar á útgáfu fræðslurita fyrir íslenzkan almenning í: Ingi Sigurðsson: „Arfleifð upplýsingarinnar og útgáfa fræðslurita á íslenzku.“ *Skírnir*, 168. árg. Rv. 1994, s. 135–160. – M.a. er fjallað á breiðum grundvelli um áhrif upplýsingarinnar á Íslendinga eftir um 1830 í: Ingi Sigurðsson: „The Icelandic Enlightenment as an Extended Phenomenon.“ *Scandinavian Journal of History*, 35. árg. Abingdon 2010, s. 371–390.

efnissviði. Félög voru atkvæðamikil í þeirri útgáfu. Þannig gaf Hið íslenska Þjóðvinafélag út tvær bækur um efnið, *Um jarðrækt og garðyrkju á Íslandi* eftir Englendinginn Alfred G. Lock, sem hafði brennisteinsnámur við Mývatn á leigu um skeið, og *Íslenska garðyrkjubók* eftir norska grasafræðinginn C. F. Schübeler í þýðingu Mórítz Halldórssonar-Friðrikssonar, lækni í Kaupmannahöfn, og með viðaukum eftir hann. Hið íslenska garðyrkjufélag var stofnað 1885 að frumkvæði Hans Jacobs George Schierbecks landlækni, sem var danskur að uppruna, en bjó hér á landi í ellefu ár, og Árna Thorsteinssonar landfógeta. Tíu árum síðar hóf félagið útgáfu rits, sem var í raun lítið ársrit, og hélt útgáfan áfram með því sniði fram til aldamóta. Í ritinu birtust á þeim árum, sem hér um ræðir, fjölmargar smágreinar um garðrækt. Meðal þeirra, sem lögðu þar sitt hvað af mörkum, voru Schierbeck, Árni og Einar Helgason, sem kalla má helzta garðyrkjufrömuð landsins á tveimur fyrstu áratugum 20. aldar.<sup>9</sup>

### Leiðbeiningar um ýmsa þætti garðræktar

Þegar á heildina er litið, eru höfundar fræðslurita um garðrækt á því tímabili, sem hér er tekið til meðferðar, allfjölbreyttur hópur. Þar á meðal eru ýmsir veraldlegir og andlegir embættismenn, sem fengust við garðrækt, svo og menn úr bændastétt. Eins og áður segir og síðar verður getið, voru gefin út fræðslurit, sem eru að mestu eða öllu leyti þýðingar á ritum, sem voru ekki miðuð við séríslenskar aðstæður, og einnig sömdu menn af erlendu bergi brotnir, sem búið höfðu hér á landi í lengri eða skemmri tíma, rit, sem ætluð voru Íslendingum.

Áherzluþættir í mörgum fræðsluritum mótast talsvert af því, að höfundar byggja skrif sín að meira eða minna leyti á sinni eigin reynslu. Tekin skulu nokkur dæmi um þetta. Það, sem greinir um garðrækt í *Korte beretninger* Björns Halldórssonar, grundvallast á hans eigin reynslu. Bæði Ólafur Olavius og Stefán Þórarinnsson leggja áherzlu á, að þeir byggi fræðslurit sín bæði á bókum og eigin raun. Ólafur kemst svo að orði: „Til að semja þennan bækling, hefe eg styrkt mig við nockrar Svenskar, Norskar, Þýdskar og Danskar bækur, og faatt eitt tillagt sem heyr, og numid hefe af eigen reynslu.“<sup>10</sup> Stefán segir í formála *Stuttrar og einfaldrar ávísanar fyrir bændur*: „Egin reynsla og nockrar góðar bækur í jardyrdkiu vísendum hafa verid minn leidarvísir vid samningu þessarar einföldu Avisunar.“<sup>11</sup> Bjarni

<sup>9</sup> Skrá um ritsmíðar um garðrækt, sem Íslendingar gáfu út á 19. öld, er í: Ólafur Guðmundsson o.fl.: *Ritgerðatal*. 2. b. *Gróðurækt*. Hvanneyri 1967, s. 145–147.

<sup>10</sup> Ólafur Olavius: *Íslensk Urtagards Bok. Søfnud og samantteken Bændum og Alþydu aa Islande til reynslu og nota*. Kh. 1770, s. [xiii].

<sup>11</sup> Stefán Þórarinnsson: *Stutt og einföld Ávísan fyrir Bændur i Islands Nordur- og Austur-Amti um fáeinra fyrir þá hentugustu Maturta-Rækt. Med litlum Vidbætir um Kartøfflur og Mykiu-Bløndun*. Kh. 1816, s. [iii].

Arngrímsson segir í formála *Handhægs gardyrkjufraedikvers*: „Legg eg svo þessa litlu *Fórn* fram á Fødurlandsins altari, sem ávøxt 28 ára egin reynslu“.<sup>12</sup> Björn Þorláksson, bóndi í Fornhaga í Hörgárdal, vísar í greininni „Um geymslu jarðepla“ í *Norðra* til gagnlegrar reynslu sinnar á þennan veg: „Jeg hefi optar en einu sinni orðið þess var, að menn hafa kvartað um, að bágt væri að geyma jarðeplin óskemmd allann veturinn, en – þar eð mjer, í þau 20 ár er jeg hef fengist við jarðeplarækt, aldrei hefur misheppnast að geyma eplin óskemmd vetrarlangt, áleit jeg vel tilfallið að skýra frá aðferð minni í þessu tilliti.“<sup>13</sup> Schierbeck kveðst í *Gardyrkjukveri* sínu skýra frá reynslu, sem hann hafi fengið hér á landi af ræktun matjurta. Hann segist fjalla um allflestar matjurtir, sem útlit sé fyrir, að eftirtekja verði af, en öðrum matjurtum sé sleppt.<sup>14</sup>

Hjá ýmsum höfundum fræðslurita kemur fram, að þeir gerðu sér vonir um, að rit þeirra hefðu veruleg áhrif, og hefur þetta viðhorf sitt að segja varðandi áherzalur í ritunum. Væntingar þeirra fléttast saman við þá skoðun, sem víða er látin í ljós, að aukin garðrækt sé þjóðinni til heilla. Í mörgum fræðsluritunum, sem hér er um fjallað, segir, að garðávextir séu eða geti verið mikilvæg viðbót við matarforða, sem aflað sé til heimila með hefðbundnum hætti. Hvatningartónninn er víða mjög eindreginn. Taka má dæmi úr formála Baldvins Einarssonar og Þorgeirs Guðmundssonar að þriðja árgangi *Ármanns á Alþingi*. Þeir segja nytsemi garðyrkju vera umdeilda og komast síðan svo að orði: „... gætu menn ... fyrirséd ... að gardyrkjunnar gæti orðid framgengt, að hun væri gódr vidrauki vid bjargrædid og efldi landsins krapta í góðum árum, og varnadi sullti í hallærum og strídstíð ... Þá er ... ljóst, að það væri vel gert að gefa almenníngi ástædur fyrir því, þvíad það mætti verda sérhvørjum einstökum manni og øllu landinu til ens mesta hagnadar.“<sup>15</sup>

Stefán Þórarinsson segir í formála *Stuttrar og einfaldrar ávísanar fyrir bændur*, að ritinu sé ætlað að stuðla að „jardyrkiu framfær her nordan- og austanlands“.<sup>16</sup> Schierbeck kveðst í formála *Gardyrkjukvers* vonast til, að bæklingurinn geti „stutt að framförum gardyrkjunnar á Íslandi“.<sup>17</sup>

Athyglisvert er, að í ritinu *Um gardyrkjunnar nauðsyn og nytsemi fyrir Ísland* setur Bjarni Arngrímsson fram yfirgripsmikla útreikninga, sem lúta að því, hve mikinn beinan fjárhagslegan ábata bændur geti haft af því að leggja mikla stund á garðrækt. Til

<sup>12</sup> Bjarni Arngrímsson: *Handhægt Gardyrkju Frædi-Qver, ætlad midur æfdum Kaal-Bændum til gløggvunar. Samid, eptir egin Tilraun og Reynslu*. Beítistöðum 1816, s. vii.

<sup>13</sup> Björn Þorláksson: „Um geymslu jarðepla.“ *Norðri*, 1. árg. Akureyri 1853, s. 58.

<sup>14</sup> Hans Jacob George Schierbeck: *Gardyrkjukver*. Rv. 1891, s. [iii].

<sup>15</sup> Baldvin Einarsson og Þorgeir Guðmundsson: [Formáli]. *Armann á Alþingi*, 3. árg. Kh. 1831, s. iv–v.

<sup>16</sup> Stefán Þórarinsson: *Stutt og einföld Ávísan fyrir Bændur*, s. 2.

<sup>17</sup> Hans Jacob George Schierbeck: *Gardyrkjukver*, s. [iii].

samanburðar ræðir hann, hver geti verið fjárhagslegur ávinningur bænda af því að leggja áherzlu á sjósókn. Hann kemst að þeirri niðurstöðu, að garðrækt geti verið ábatasöm.<sup>18</sup> Í *Ármani á Alþingi* setur Baldvin Einarsson á svið samtal manna, sem rökræða, hversu traustir þessir útreikningar Bjarna séu, og koma fram efasemdir um þá.<sup>19</sup>

Fyrir kemur, að eftirspurn eftir fræðsluefni um garðrækt sé nefnd sem hvati þess að birta ritsmíð á því sviði. Þannig segir í grein eftir ókunnan höfund í *Gesti Vestfirðingi*, að „nokkrir merkismenn“ hafi mælt til, að fræðsluefni um garðrækt yrði birt í tímaritinu.<sup>20</sup>

Það er mikilvægt athugunarefni, að hvaða marki markmið ýmissa höfunda ritsmíða náðu fram að ganga, hvað snertir áhrif ritanna.

Í sambandi við áhrif ritanna kemur til skoðunar, hve mörgum þau komu fyrir sjónir. Upplag einstakra rita og, í einstaka tilvikum, upplýsingar um fjölda eintaka, sem dreift var meðal landsmanna, veita ákveðnar upplýsingar um útbreiðslu ritanna. Þegar ályktanir eru dregnar um útbreiðslu rita á grundvelli talna af ofangreindu tagi, verður að hafa í huga, að rit (handrit auk prentaðra bóka) um veraldleg efni gengu mjög manna á milli í lánnum, auk þess sem starfsemi lestrarfélaga, ekki sízt á tveimur síðustu áratugum 19. aldar, gerði mörgum kleift að lesa tiltekin fræðslurit, sem ella hefðu ekki átt þess kost. Hefur útbreiðsla sumra rita því verið meiri en ráða má af tölunum einum sér.

Heimildir um, hversu mikla útbreiðslu einstök fræðslurit um garðrækt fengu, eru mjög mismiklar og í ýmsum tilvikum takmarkaðar eða engar. Ákveðnar mikilvægar upplýsingar um þetta efni liggja þó fyrir. Heimildir eru til um útbreiðslu og dreifingu þónokkurra rita, sérstaklega rita frá fyrstu áratugum tímabilsins, sem hér er um fjallað. Eins og áður greinir, var sumum þessara rita útbýtt með tilstyrk konungssjóðs og Hins konunglega danska landbúnaðarfélag. Vitað er, að *Íslenzkri urtagarðsbók* Ólafs Olavíusar frá 1770 var dreift í 1.000 eintökum meðal Íslendinga, riti Jacobs Kofoeds Trojels, *Stuttu ágripi um jarðeplanna nytsemd og ræktan*, í þýðingu Ólafs Olavíusar, frá 1772 í 500 eintökum, *Stuttu ágripi úr Lachanologia eða maturtabók* Eggerts Ólafssonar, sem gefin var út 1774, í jafnmörgum eintökum, og fyrstu útgáfu *Atla* Björns Halldórssonar, 1780, var dreift í 780 eintökum.<sup>21</sup> Lýsa má *Atla* sem fræðsluriti um margvísleg búnaðarefni, og vissulega er þar einungis fjallað stuttlega um garðrækt, einkum þá kartöflurækt. En athyglisvert er í

<sup>18</sup> Bjarni Arngrímsson: *Um Gardyrkjunnar Naudsyn og Nytsemi fyri Island*. Kh. 1820, s. 51–84.

<sup>19</sup> Baldvin Einarsson: „Stutt og einfaldt Yfirlit yfir Biargrædis vegina á Islandi, bæði á fyrri og seinni tímum.“ *Ármani á Alþingi*, 3. árg. Kh. 1831, s. 32–66.

<sup>20</sup> „Lítill leiðarvísir til jarðepla-ræktunar.“ (Höfundur ókunnur). *Ársritið Gestur Vestfirðingur*, 2. árg. Rv. 1849, s. 62.

<sup>21</sup> Tölur þær, sem hér eru tilgreindar varðandi útbreiðslu bóka, eru sóttar í: Loftur Guttormsson: „Bókmening á upplýsingaröld. Upplýsing í stríði við alþýðumenningu.“ *Gefið og þegið. Afmælisrit til heiðurs Brodda Jóhannessyni sjötugum*. [Ritstjóri: Þuríður J. Kristjánsdóttir]. Rv. 1987, s. 266.

sambandi við það viðfangsefni, sem hér er tekið til meðferðar, að ýmsar heimildir eru fyrir því, að *Atli* hafi notið mikilla vinsælda. Það segir sína sögu, að *Atli* var endurútgefinn tvívegis á því tímabili, sem hér er um fjallað, fyrst 1783 og svo aftur hálfri öld síðar, 1834. *Kvennafræðarinn* eftir Elínu Briem hlaut mjög mikla útbreiðslu á mælikvarða alþýðlegra fræðslurita og góðar viðtökur (ritið kom í fjórum útgáfum á árabílinu 1889–2011; upplag fyrstu útgáfu var 3.000 eintök<sup>22</sup>). Í ritinu er ekki fjallað um garðræktina sjálfa, en geymslu og matreiðslu garðávaxta eru gerð skil.<sup>23</sup>

Draga má ákveðnar ályktanir af því, að ýmsir höfundar fræðsluritsmíða um garðrækt ræða kunnuglega um eldri ritsmíðar á þessu sviði, og bendir það til þess, að þeir hafi gengið út frá því, að hinar eldri ritsmíðar væru í höndum allmargra. Líka er hægt að finna dæmi þess, að sagt sé, að tiltekið fræðslurit sé orðið fágætt nokkrum áratugum eftir útgáfu. Þannig segir Bjarni Arngrímsson 1816, að *Íslensk urtagarðsbók* Ólafs Olavíusar frá 1770 sé „sjaldgæf vordin“ og að fáir styðjist við leiðbeiningarrit Trojels um kartöflurækt frá 1772.<sup>24</sup>

Það er mjög skoðunarvert, hve mikinn þátt fræðslurit áttu í útbreiðslu garðræktar á landinu og þá í samburði við aðra þætti. Ekki er unnt að meta þetta nákvæmlega, en færa má líkur að því, að fræðsluritin hafi haft veruleg áhrif í þessa veru. Ráða má af því, sem segir í einstökum fræðsluritum um þau efni, að höfundarnir sjálfir hafi talið, að þessi útgáfa hefði talsverð áhrif. Ýmsir aðrir þættir skipta einnig máli í þessu viðfangi. Fordæmi annarra bænda hefur vafalaust orðið mörgum bændum hvatning til að hefja garðrækt. Starf manna, sem ferðudust um og miðluðu fróðleik um búnaðarmál, búnaðarráðunauta þessa tíma, hefur haft sitt að segja, svo og starfsemi bændaskóla (fyrsti bændaskólinn, sem festist í sessi, Ólafsdalsskóli, var stofnaður 1880). Aðgerðir stjórnvalda og verðlaun, sem veitt voru fyrir garðrækt, hafa líka haft sitt að segja.

Greinileg samfella er í því, um hvaða nytjajurtir, sem rækta má í gördum, er fjallað í fræðsluritum á öllu tímabilinu. Þessar jurtir eru talsvert margar, þegar allar eru taldar. Í sumum fræðsluritunum er fjallað um ræktun einnar nytjajurtar, í öðrum er garðrækt á breiðum grundvelli tekin til meðferðar. Í mörgum ritum er rætt allitarlega um ræktun kartaflna, rófnna og káls. Eftir miðja 19. öld birtust í blöðum og tímaritum þónokkrar fræðslugreinar um kartöflurækt, og þegar litið er á tímabilið, sem hér er til umfjöllunar, í heild, eru þær ritsmíðar talsvert margar, sem fjalla að meira eða minna leyti um það efni.

<sup>22</sup> [Inga Lára Lárusdóttir]: „Frú Elín Briem Jónsson, 70 ára.“ *19. júní*, 9. árg. Rv. 1926, s. 67.

<sup>23</sup> Elín Briem: *Kvennafræðarinn*. 2. útg. Rv. 1891, s. 54–57.

<sup>24</sup> Bjarni Arngrímsson: *Handhægt Gardyrkju Fræði-Qver*, s. v.

Sumar ritsmíðarnar varða sérstaklega kálrækt. Í fræðsluritsmíðum um garðrækt frá síðustu áratugum tímabilsins, m.a. í ritum eftir Schierbeck, er tekin til meðferðar ræktun allnokkurra jurta, sem ekki hafði verið fjallað um í ritsmíðum af þessu tagi áður. Af matjurtum má hér nefna rabarbara. Og nú var farið að rita í nokkrum mæli um ræktun blóma í görðum til skrauts og yndisauka, en slík skrif voru fátíð áður.

Í þeim fræðsluritum, þar sem rætt er um garðrækt á breiðum grundvelli, má finna ýmsar samsvaranir í því, hverjir meginþættirnir eru. Til dæmis um þetta má nefna áherzlupætti varðandi sjálfa garðræktina í tveimur fræðsluritum, sem gefin voru út með nærri sjötíu ára millibili, *Stuttum leiðarvísi til garðyrkju* eftir Jón Þorláksson Kærnested frá 1824 og *Garðyrkjukveri* Schierbecks frá 1891. Kaflafyrirsagnir Jóns segja sína sögu um áherzlu hans: Um garðstæði, Um garðaáburð, Um uppstungu og undirbúning kálgarða, Um tilbúning vermibeðs, Um plöntunaraðferð, Um garðs sáningaraðferð, sundurdeilingu hans og fræs prófun, Um vökvun garðanna, Um að verja arfavexti og að uppræta hann, Um hirðingu aldingarðs ávaxta um gróðrartímamann, Um geymslu matjurtanna. Kaflafyrirsagnir Schierbecks í þeim hluta garðyrkjukvers hans, sem fjallar um garðrækt á breiðum grundvelli, sýna svipaðar áherzlu og hjá Jóni: Um garðstæði og skjól, Um áburð, Um uppstungu, Um moldarmulningu og reitamörkun, Um sáninguna, Gróðursetning, Um hreinsun og grisjun, Um vermireiti og sáningu í þá.

Víða kemur fram, hve mikilvægt var talið að vanda til allra verka við garðrækt. Hér verða tekin nokkur dæmi um það, hvers eðlis leiðbeiningar einstakra höfunda um tiltekna þýðingarmikla þætti garðræktar eru.

Jón Þorláksson Kærnested hefur m.a. eftirgreint að segja um garðstæði: „*Gardstæði* er jafnan naudsyn að velja sér í sem bestu skjóli fyrir vindum, einkum nordan-næðingum, og ætti það því helzt að liggja móti sólu, svo það njóti því betur hennar ils. Þó jarðlagid sé ecki ávallt samansett af bestum jardar-tegundum, géta samt ýmsir garda ávextir, með hentugum áburdi til sérhverrar tegundar, víðast hvar sprottid, líka þrífast jurtir betur í einni heldur enn annari jardar-art, sem reynslan að nokkru leiti fær kénnt.“<sup>25</sup>

Upphaf kaflans „Hreinsun og grisjun“ í *Garðyrkjjuveri* Schierbecks hljóðar svo: „Halda verður hreinu í kring um hinar ungu plöntur, svo að illgresi kæfi þær eigi. Venjulegast verða plönturnar of þjettar, er þær koma upp, og verður því að kippa nokkrum upp, svo þær verði gisnari, áður en þær verða mjög stórar. Bezt er að þær hafi eigi fengið fleiri blöð en tvö, auk fræblaðanna, þá er þær eru gjörðar gisnari, og verði því við komið, ætti að vökva

---

<sup>25</sup> Jón Þorláksson Kærnested: *Stuttur Leiðarvísir til Gardyrkiu, ásamt litlum Viðbætur um Vidar-plöntun, handa Bændum*. Víðey 1824, s. 5.



þegar á eptir, því að þá er sumum plöntunum er kippt upp, verður moldin alla-jafna lausari í kring um þær sem eptir standa.<sup>26</sup>

Eggert Ólafsson telur upp garðverkfæri í *Stuttu ágripi úr Lachanologia eða maturtabók*: „Gardverkfære eru: páll, reka, miór spade, klára qvísl og, hrífa með jarn-tindum, aull skulu þavg vera travst, laglega smídud, lett og þægeleg meðferdar.<sup>27</sup>

Í *Handhægu Garðyrkjufraðikveri* notar Bjarni Arngrímsson samræðuformið til að koma fræðslu um garðrækt á framfæri. Þessi aðferð til að miðla fræðslu eða boðskap er vel þekkt síðan á hinna klassísku fornöld. Meðal íslenzkra samtímamanna Bjarna, sem beittu henni, má nefna Björn Halldórsson (*Atli*, 1. útg. 1780), Magnús Stephensen (*Skemmtileg vinagleði*, 1797, *Ræður Hjálmars á Bjargi*, 1820) og Baldvin Einarsson (*Ármann á Alþingi*, 1829–1832). Bjarni lætur tvo menn, Gest og Höld, ræðast við. Sá síðarnefndi svarar spurningum hins fyrrnefnda. Sá hluti samtals þeirra, sem lýtur að garðverkfærum, hefst sem hér segir:

Gestur spyr: „Hvør eru þjenanlegust gard-verkfæri?“ Höldur svarar: „Ur því gardur er lagdur og grasrót afnumin, hvar til brúka þarf pæl og reku, henta best eptirfylgjandi gardyrkju verkfæri:“ Þessi verkfæri, sem hann gerir nokkra grein fyrir, eru: pælreka, haki, hrífa og drifkanna (til að vökva með). Pælreku er lýst svo:

*Pælreka*, lipur og lagleg, heldur fleiri enn ein, eptir heimilisefnum og únglínga tølu, sem til gardvinnu notast kynnu, er hún miklu ljettari kraptalitlum að stínga upp með, veltir og dýpra enn pællinn, líka hentari að móka með, einkum gánga millum reita, enn rekan. Hana getur hvørr sá, sem reku kann að smíða, hæglega tilbúid með tindi, skákum og fram-mynntu vari, 4ra eða 5 þumlunga breidu nidur í midju, af hvørju til beggja enda gáangi løm vel uppá skákina, og þar rónagli í gegn til styrktar, en neglist að nedan með þur varnøglum, sem ønmur reka, en hún skal á tindinum ofan. Er þetta verkfæri kostnadarlítid fátæklíngum.<sup>28</sup>

Alfred G. Lock leggur mikla áherzlu á, að þeir, sem við garðrækt fáist, séu vel búnir að verkfærum og tækjum. Hann kemst svo að orði: „Nauðsynlegt er fyrir þá, sem eiga jörð að yrkja, að útvega sér öll þau áhöld, sem til þess þarf, því að við það sparast bæði vinna og tími.“ Síðan eru tilgreind áhöld, sem hann kallar svo: skófla, graftarforkur (grefkvísl), tennt

<sup>26</sup> Hans Jacob George Schierbeck: *Garðyrkjukver*, s. 30.

<sup>27</sup> Eggert Ólafsson: *Stutt agrip ur LACHANOLOGIA eða Mat-urta-Bok, fyrrum Vice-Løgmansins Hr. Eggerts Olafs Sonar um Gard-Yrkiu aa Islandi ...* Kh. 1774, s. 4.

<sup>28</sup> Bjarni Arngrímsson: *Handhægt Gardyrkju Frædi-Qver*, s. 9–10.

mokjárn, mokjárn, hrífa, vökvunarkanna, höggvandi eða klakajárn, moldarbor, garðsnúra, handkvísl, hnífur, hamar, sax, hjólbörur.<sup>29</sup>

Í nokkrum fræðsluritum, þar sem fjallað er um garðverkfæri, eru birtar myndir af slíkum verkfærum. Að öðru leyti er ekki mikið um myndir og uppdrætti í fræðsluritunum. Helzt er þar um að ræða uppdrætti af gördum og myndir af garðjurtum og garðávöxtum.

### **Leiðbeiningar um not af garðávöxtum og garðjurtum**

Sum fræðsluritin ná yfir víðara svið en leiðbeiningar um sjálfa garðræktina og hvatningu til að leggja stund á hana, og sum ritin, sem varða garðrækt, fjalla eingöngu um einstök efnissvið af öðru tagi. Hér er einkum um að ræða geymslu garðávaxta, nýtingu þeirra til matar og skepnufóðurs og ábendingar um nýtingu garðávaxta og garðjurta, sem varða heilsufar landsmanna. Hér skulu tekin nokkur dæmi, sem varpa ljósi á áherzluþætti í þessum efnum.

Sem dæmi um skrif um geymslu garðávaxta má nefna, með hvaða hætti Björn Þorláksson dregur saman ráð sín um geymslu kartaflna:

Samkvæmt áður sögðu, virðist mjer þessi höfuðatriði helzt áriðandi við jarðeplageymsluna, nefnilega:

að þau sjeu ekki þurkuð um of,

að frost nái ekki til þeirra,

að engin ilur komist að þeim,

að þau sjeu óhullt fyrir vætu af leka, og úr jarðvegnum, og

að ekkert lopt verði á milli þeirra eða ofan á þeim í gröfinni, hvar þau eru geymd.<sup>30</sup>

Þegar litið er á þau fræðslurit, sem hér eru til umfjöllunar, í heild, er bent á talsvert margar leiðir til að nýta garðávexti til matar. Bæði er það nefnt, sem alvanalegt var á þessum tíma, sem og jafnan síðar, að fólk borði kartöflur, soðnar, og aðra garðávexti með kjöti og fiski, og sums staðar bent á ýmsa aðra möguleika á að nota garðávexti sem matföng. Tilgreind skulu nokkur dæmi um þetta. Bjarni Arngrímsson ræðir í *Handhægu garðyrkjufræðikveri* m.a. um tilbúning sýru af kálseyði, næpnamjólk og rófnaveiling og segir „smáskorid kál med fjallagrøsum eda mjøli, ella einsamalt og smábitadar rófur, vel brúkandi til drýginda í blódmør á hausti.“<sup>31</sup> Í áðurnefndri grein í *Gesti Vestfirðingi* er m.a. rætt um að nota kartöflur sem „smekkbætir í allskonar súpum“ og „leggja [þær] í súrmat, drukk eða skyr“.

<sup>29</sup> Alfred G. Lock: *Um jarðrækt og garðyrkju á Íslandi*. Jón A. Hjaltalín íslenskaði. Kh. 1876, s. 48–49.

<sup>30</sup> Björn Þorláksson: „Um geymslu jarðepla“, s. 59.

<sup>31</sup> Bjarni Arngrímsson: *Handhægt Gardyrkju Fræði-Qver*, s. 37.

<sup>32</sup> Í *Kvennafræðaranum* eftir Elínu Briem er m.a. fjallað um kartöflur í jafningi, stappaðar kartöflur, brúnaðar kartöflur, matreiðslu rófna og kálstöppu úr grænkáli.<sup>33</sup>

Á því tímabili, sem rannsóknin nær til, var lítið um það, að Íslendingar notuðu garðávexti sem skepnufóður. En ábendingar um þetta efni koma fyrir í nokkrum fræðsluritanna. Í leiðbeiningarritum eftir erlenda menn, sem voru ekki samin með íslenskar aðstæður í huga, eru því efni gerð nokkur skil. Þannig fjalla Danirnir Jacob Kofoed Trojel og A. C. Luplan um kartöflur sem skepnufóður.<sup>34</sup> Í nokkrum ritum, sem samin voru fyrir íslenskan almenning, eru settar fram ábendingar af þessu tagi. Nefna má fáein dæmi. Magnús Ketilsson fjallar um rótarávexti sem skepnufóður.<sup>35</sup> Bjarni Arngrímsson kemst svo að orði: „Notkan kál-úrgánga alls handa mjólkurkúm, liggur hvörjum í augum uppi“.<sup>36</sup> Schierbeck ræðir um nýtingu rófna sem skepnufóðurs, m.a. í *Garðyrkjukveri* sínu.<sup>37</sup>

Í nokkrum fræðsluritum er fjallað um hollustu garðávaxta og sagt, að neyzla þeirri geti dregið úr hættu á því, að fólk sýkist af tilteknum sjúkdómum. Tekin skulu dæmi um þetta. Bjarni Arngrímsson segir í *Um garðyrkjunnar nauðsyn og nytsemi fyrir Ísland*: „... maturta notkan með nærfeldt allskonar matvælum, hefir bæði, yfirhøfud að tala, þá notasælustu verkun til *ad halda vid heilsunni*, sem það er líka sérílagi eitt hid krøptugasta *varúdar-medal gégn holdsveikju-sjúkdómum*.“<sup>38</sup> Mórítz Halldórsson-Friðriksson kemst svo að orði í *Íslenzkri garðyrkjubók*: „Þegar menn lifa, eins og á Íslandi, mestan hluta árs af saltkjöti, er súrkál einhver hinn beztu matur til þess að halda heilsunni og verjast farsóttum og þó einkum skyrbjúgi, sem einmitt á helztu rót sína að rekja til saltkjötsátsins. Það er því upp til sveita og á langvinnnum sjóferðum næsta ómissandi matur.“<sup>39</sup>

Í nokkrum ritum er minnzt á ræktun lækningajurta. Einnig eru þess dæmi, að greint sé frá því, hvernig nota meggi garðávexti til lyfjagerðar. Þannig segir í þeim hluta *Íslenzkrar garðyrkjubókar*, sem er eftir Mórítz Halldórsson-Friðriksson: „Við kvefi hjá börnum, sem er svo almennur kvilli á Íslandi, er einkar gott, að skera vetrarhreðkur í þunnar flísar, og sá

<sup>32</sup> „Lítill leiðarvísir til jarðeplaráæktunar.“ (Höfundur ókunnur). *Ársritið Gestur Vestfirðingur*, 3. árg. Rv. 1850, s. 96.

<sup>33</sup> Elín Briem: *Kvennafræðarinn*. 2. útg. Rv. 1891, s. 54–57.

<sup>34</sup> Jacob Kofoed Trojel: *Stutt aagrip um Jardeplanna Nytsemd og Ræktan*. Ólafur Olavíus þýddi. Kh. 1772. – A. C. Luplan: *Nokkur orð um jarðepli, æfi þeirra, yrkingu og nytsemi og fáeinar varúdarreglur móti jarðeplasyki*. Magnús Grímsson íslenskaði. Rv. 1850, s. 19–20.

<sup>35</sup> Magnús Ketilsson: *Nockrar Tilravner gjørdar med nockrar Sád-tegunder og Pløntur hentugar til fædu og annarrar nyttsamlegrar brwkunar, sem med ábata kunna á Islande ad ræktaz*. Hrappsey 1779, s. 15–18.

<sup>36</sup> Bjarni Arngrímsson: *Handhægt Gardyrkju Frædi-Qver*, s. 38.

<sup>37</sup> Hans Jacob George Schierbeck: *Gardyrkjukver*, s. 53–54.

<sup>38</sup> Bjarni Arngrímsson: *Um Gardyrkiunnar Nauðsyn og Nytsemi fyrir Island*, s. 85.

<sup>39</sup> Schübeler, C. F.: *Íslenzk garðyrkjubók*. Íslenskað og aukið hefur Mórítz Halldórsson-Friðriksson. Kh. 1883, s. 56.

yfir þær sykri; þá er hann er runninn, skal taka löginn og gefa börnunum; þetta er einkar góður brjóstsafi og næsta ódýr og reynist opt betri, en sá er fæst í lyfjabúðum.<sup>40</sup>

## Niðurlag

Helztu niðurstöður rannsóknarinnar eru sem hér segir:

Útgáfa fræðslurita um garðrækt á Íslandi var talsvert umfangsmikil frá upphafi hennar, 1765, til loka 19. aldar. Gætir þar áhrifa upplýsingarinnar. Fjölmargar ritsmíðar um garðrækt á Íslandi birtust á tímabilinu, sem hér er tekið til meðferðar. Á þessu sviði voru gefin út þónokkur heil rit, flest af þeim bæklingar, og fjöldi greina í tímaritum og blöðum. Fáein rit voru að mestu eða öllu leyti þýðingar. Menn af erlendu bergi brotnir, sem búið höfðu á Íslandi í lengri eða skemmri tíma, lögðu talsvert af mörkum á þessu sviði. Margir höfundanna byggðu skrif sín að meira eða minna leyti á eigin reynslu. Höfundar fræðslurita, sem hér um ræðir, gerðu sér margir vonir um, að rit þeirra myndu stuðla mjög að eflingu garðræktar. Erfitt er að meta, hver áhrif þau höfðu í raun, en líklegt má telja, að þau hafa verið þónokkur, jafnframt því sem tilteknir aðrir þættir eru mikilvægir í þessu viðfangi. Talsverðar samsvaranir eru í því, hvaða áherzluþættir eru í hinum umfangsmeiri fræðsluritum um garðrækt frá öllu tímabilinu, sem hér er tekið til meðferðar. Það er víða áherzluþáttur, að bæði þjóðinni í heild og einstökum bændum sé mikill hagr í því að efla garðrækt. Að umfangi viðfangsefna spanna ritin allt frá margþættri umfjöllun um ýmis svið garðræktar til stuttra leiðbeininga um ræktun einnar garðjurtar og önnur afmörkuð svið. Meðal þeirra garðjurtar, sem mest er fjallað um í mörgum ritum, eru kartöflur, sem býsna mikið var skrifað um, gulrófur og kál. Í nokkrum ritum frá síðustu áratugum tímabilsins er fjallað um ræktun fleiri garðjurtar en áður hafði þekkzt. Meðal þeirra þátta, sem teknir eru til meðferðar í mörgum ritum, eru val á garðstæði, hvernig eigi að búa til garð, sáning, áburður, hirðing garða. Í nokkrum ritum er fjallað um verkfæri, sem notuð voru við garðrækt. Fyrir utan leiðbeiningar um sjálfa garðræktina er í fræðsluritunum, þegar á heildina er litið, talsvert rætt um ýmisleg not, sem hægt sé að hafa af garðávöxtum og garðjurtum. Víða er tekið til meðferðar, hvernig bezt sé að geyma garðávexti, og í ýmsum tilvikum eru settar fram leiðbeiningar um, hvernig nýta megi garðávexti til matar. Einnig eru dæmi þess, að fjallað sé um nýtingu þeirra sem skepnufóðurs. Í tilteknum ritum er rætt um það, hve hollur matur garðávextir séu og hvernig garðjurtir geti nýtt til lækninga.

---

<sup>40</sup> Sama rit, s. 81.

## Heimildaskrá

- Baldvin Einarsson: „Stutt og einfaldt Yfirlit yfir Bjargrædisvegina á Íslandi, bæði á fyrri og seinni tímum.“ *Armann á Alþingi*, 2. árg. Kh. 1830, s. 63–133; 3. árg. Kh. 1831, s. 21–116.
- Baldvin Einarsson og Þorgeir Guðmundsson: [Formáli]. *Armann á Alþingi*, 3. árg. Kh. 1831, s. iii–viii.
- Bjarni Arngrímsson: *Handhægt Gardyrkju Frædi-Över, ætlad midur æfdum Kaal-Bændum til Gløggvunar. Samid, eptir egin Tilraun og Reynslu*. Beitistöðum 1816.
- Bjarni Arngrímsson: *Um Gardyrkjunnar Naudsyn og Nytsemi fyri Island*. Kh. 1820.
- Bjørn, Claus: „Landbrugets foreninger til 1914.“ *Det danske landbrugs historie*. Claus Bjørn (red.). 3. b. 1810–1914. Kbh. 1988, s. 351–367.
- Björn Halldórsson: *Korte Beretninger om nogle Forsøg til Landvæsenets og i sær Hauge-Dyrkningens Forbedring i Island ...* Kbh. 1765.
- Björn Halldórsson: *Rit Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal*. Gísli Kristjánsson og Björn Sigfússon bjuggu til prentunar. Rv. 1983.
- Björn Þorláksson: „Um geymslu jarðepla.“ *Norðri*, 1. árg. Akureyri 1853, s. 58–59.
- Dombernowsky, Lotte: „Debatten og litteraturen om landboreformer.“ *Det danske landbrugs historie*. Claus Bjørn (red.). 2. b. 1536–1810. Kbh. 1988, s. 291–303.
- Eggert Ólafsson: *Stutt agrip ur LACHANOLOGIA eda Mat-urta-Bok, fyrrum Vice-Løgmannsins Hr. Eggerts Olafs Sonar um Gard-Yrkiu aa Islandi ...* Kh. 1774.
- Elín Briem: *Kvennafræðarinn*. 2. útg. Rv. 1891.
- Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland. Icelandic Historical Statistics*. Ritstjórar: Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon. Rv. 1997.
- [Inga Lára Lárusdóttir]: „Frú Elín Briem Jónsson, 70 ára.“ *19. júní*, 9. árg. Rv. 1926, s. 67–68.
- Ingi Sigurðsson: „Arfleifð upplýsingarinnar og útgáfa fræðslurita á íslenzku.“ *Skírnir*, 168. árg. Rv. 1994, s. 135–160.
- Ingi Sigurðsson: „The Icelandic Enlightenment as an Extended Phenomenon.“ *Scandinavian Journal of History*, 25. árg. Abingdon 2010, s. 371–390.
- Ingi Sigurðsson: „The Publication of Educational Works for the People of Iceland and their Reception, c. 1770–1830.“ *Sjuttonhundratál* 2008, s. 99–124.
- Ingi Sigurðsson: „Útbreiðsla og viðtökur alþýðlegra fræðslurita.“ *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930. Ritað mál, menntun og félagshreyfingar*. Ritstjórar: Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson. Rv. 2003. (Sagnfræðirannsóknir, 18), s. 115–147.
- Jón Þorláksson Kærnested: *Stuttur Leidarvísir til Gardyrkiu, ásamt litlum Viðbætir um Vidarpløntun, handa Bændum*. Viðey 1824.
- Jónas Jónsson: „Búnaðarfélag Suðuramtsins.“ *Búnaðarsamtök á Íslandi 150 ára. Afmælisrit Búnaðarfélags Íslands 1837–1987*. Ritstjórar: Hjörtur E. Þórarinnsson, Jónas Jónsson og Ólafur E. Stefánsson. 1. b. Rv. 1988, s. 33–103.
- Jónas Jónsson: „Þegar tók að rofa til.“ *Búnaðarsamtök á Íslandi 150 ára. Afmælisrit Búnaðarfélags Íslands 1837–1937*. Ritstjórar: Hjörtur E. Þórarinnsson, Jónas Jónsson og Ólafur E. Stefánsson. 1. b. Rv. 1988, s. 3–32.
- Lever, Hans Wilhelm: *Avísan til Jardepla Ræktanar, fyrir Almúga-menn á Islandi*. Leirárgörðum 1810.
- „Lítill leiðarvísir til jarðepla-ræktunar.“ (Höfundur ókunnur). *Ársritið Gestur Vestfirðingur*, 2. árg. Rv. 1848, s. 61–73; 3. árg. Rv. 1849, s. 90–97.

- Lock, Alfred G.: *Um jarðrækt og garðyrkju á Íslandi*. Jón A. Hjaltalín íslenzkaði. Kh. 1876.
- Loftur Guttormsson: „Bókmenning á upplýsingaröld. Upplýsing í stríði við alþýðumenningu.“ *Gefið og þegið. Afmælisrit til heiðurs Brodda Jóhannessyni sjötugum*. [Ritstjóri: Þuríður J. Kristjánsdóttir]. Rv. 1987, s. 247–289.
- Loftur Guttormsson: „Framleiðsla og dreifing ritaðs máls.“ *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930. Ritað mál, menntun og félagsshreyfingar*. Ritstjórar: Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson. Rv. 2003. (Sagnfræðirannsóknir, 18), s. 37–65.
- Luplan, A. C.: *Nokkur orð um jarðepli, æfi þeirra, yrkingu og nytsemi og fáeinar varúðarreglur móti jarðeplasyki*. Magnús Grímsson íslenzkaði. Rv. 1850.
- Lýður Björnsson: „18. öldin.“ *Saga Íslands*. Ritstjóri: Sigurður Línadal. 8. b. Rv. 2006, s. 1–289.
- Magnús Ketilsson: *Nockrar Tilravner giörðar med nockrar Sád-tegunder og Pløntur hentugar til fædu og annarar nytsamlegrar brwkunar, sem med ábata kunna á Islande ad ræktaz*. Hrappsey 1779.
- Magnús Stephensen: *Eptirmæli Atjándu Aldar eptir Krists húngadburd, frá Ey-konunni Islandi*. Leirárgörðum 1806.
- Ólafur Guðmundsson o.fl.: *Ritgerðatal*. 2. b. *Gróðurrækt*. Hvanneyri 1967.
- Ólafur Olavius: *Islensk Urtagards Bok. Søfnud og samannteken Bændum og Alþydu aa Islande til reynslu og nota*. Kh. 1770.
- Pryser, Tore: *Samlagets Norsk historie 800–2000*. 6. b. *Norsk historie 1814–1860. Frå standssamfunn mot klassesamfunn*. Oslo 1999.
- Schierbeck, Hans Jacob George: *Garðyrkjukver*. Rv. 1891.
- Schübeler, C. F.: *Íslenzk garðyrkjubók*. Íslenzkað og aukið hefur Mórítz Halldórsson-Friðriksson. Kh. 1883.
- Stefán Þórarinnsson: *Stutt og einföld Ávisan fyrir Bændur i Íslands Nordur- og Austur-Amti um fáeinra fyrir þá hentugustu Maturta-Rækt. Med litlum Vidbætir um Kartøfflur og Mykiu-Bløndun*. Kh. 1816.
- Trojel, Jacob Kofoed: *Stutt aagrip um Jardeplanna Nytsemd og Ræktan*. Ólafur Olavius þýddi. Kh. 1772.
- Þorkell Jóhannesson: *Búnaðarfélag Íslands. Aldarminning*. 1. b. *Búnaðarsamtök á Íslandi 1837–1937*. Rv. 1937.
- Þorvaldur Thoroddsen: *Lýsing Íslands*. 4. b. *Landbúnaður á Íslandi. Sögulegt yfirlit*. 2. b. Kh. 1922.

*Greinin er að stofni til byggð á fyrirlestri, sem höfundur flutti á málþingi Félags um átjándu aldar fræði, „Garðrækt á átjándu og níttjándu öld“, 21. apríl 2012.*

Ingi Sigurðsson, f. 1946, lauk doktorsprófi í sagnfræði frá Edinborgarháskóla. Hann gegnir stöðu prófessors í sagnfræði við Háskóla Íslands.